



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Erindi af samráðsvefnum Betri Reykjavík – lagfæra skólalóð Vogaskóla*

Erindi barst í gegnum samráðsvefinn Betri Reykjavík, dagsett 7. mars 2019. Í erindinu er lögð fram hugmynd um að lagfæra skólalóð Vogaskóla.

Lóð Vogaskóla er ekki á áætlun vegna endurnýjunar skólalóða og var lóðin endurnýjuð 2007-2008 í góðu samráði við skólasamfélagið. Í úttekt sem var gerð á skólalóðum árið 2016 var ákveðið að lóðir sem höfðu fengið endurnýjun á tímabilinu 2005-2016 yrðu ekki hluti af nýrri forgangsröðun vegna endurnýjunar skólalóða. Framkvæmd verður rekstrarskoðun á skólalóð Vogaskóla sumarið 2019 og verða þá lýsing lóðarinnar og girðing skoðuð.

Gert er ráð fyrir að yfirferð vegna endurgerðar skólalóða ljúki á árinu 2022. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir varðandi viðhald og endurnýjun á lóðum eftir þann tíma.